



## **309. fundur Afrekssjóðs ÍSí**

### **Fimmtudagur 11. janúar 2023 kl. 12.00**

#### **Mætt öll á Teams:**

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS) fjarverandi, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ), Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Vésteinn Hafsteinsson (VH) og Kristín Birna Ólafsdóttir (KÓ) starfsmenn afrekssviðs.

#### **1. Umsóknir vegna 2024.**

Umræður fóru fram um mögulega einstaklingsstyrkþega. VH sagði afrekssviðið hafa legið vel yfir umsóknum og mögulegum styrkþegum. Taldi þurfa betri verkfæri til að meta umsóknir í framtíðinni og meiri upplýsingar. Afrekssvið ætlar að klára að vinna tillögur fyrir stjórn sjóðsins og koma með þær á mánudag.

VH og KÓ véku af fundi kl. 12. 30.

Umræður fóru fram um styrkfjárhæðir til sérsambanda. Nokkur sátt komin um fjárhæðir. Ákveðið að bíða eftir lokatillögum afrekssviðs.

#### **2. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.02. Ekki var ákveðinn næsti fundur en gert ráð fyrir að taka stuttan fund til að staðfesta úthlutun eftir helgina.